

# Handbók Foreldrafélags Holtaskóla



FFH

útg. 6.0



HOLTASKÓLI

## Betri foreldrafélög í Reykjanesbæ

Markmið með útgáfu handbókarinnar er:  
*að bæta starf foreldrafélaga*  
*að auðvelda störf stjórnarfólks*





## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	i
1.1	Markmið .....	ii
1.2	Leiðir .....	ii
2	Markmið og skipulag .....	1
2.1	Almenn markmið.....	1
2.2	Uppbygging stjórnar.....	1
3	Verksvið og starfsreglur .....	2
3.1	Lög félagsins.....	2
3.2	Skilgreining á starfi og verksviði skólaráðs.....	2
3.3	Skilgreining á starfi og verksviði árgangafulltrúa .....	4
3.4	Skilgreining á þátttöku félagsins í starfi FFGÍR .....	4
3.5	Samráðsfundir innan skóla – Að róa á sömu mið.....	4
4	Reikningar félagsins.....	5
5	Fræðsla og kynningar .....	5
5.1	Kynning fyrir stjórnarfólk .....	5
5.2	Kynning fyrir árgangafulltrúa.....	5
5.3	Fræðsla og forvarnir .....	5
6	Félagsstarf .....	5
7	Foreldrasamningar.....	5
7.1	Stefna foreldrafélagsins vegna foreldrasamninga .....	5
7.2	Hvað segja samtökin Heimili og skóli um foreldrasamninga ....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
8	Útgáfumál.....	6
8.1	Fréttabréf .....	6
8.2	Fundargerðir .....	6
8.3	Heimasíðan.....	6
8.4	Tengsl við fjölmiðla .....	6
8.5	Annað .....	6
9	Viðaukar .....	7
9.1	Almennar upplýsingar um grunnskóla Reykjanesbæjar .....	7



## 1 Inngangur

Handbók þessi var upphaflega liður í gæðaverkefni þar sem foreldrafélög og foreldraráð grunnskólanna í Reykjaneshæ (FFGÍR) settu fram stefnumörkun í samstarfi við verkefnið **Reykjaneshæ á réttu róli (RÁRR)** undir heitinu **Betri foreldrafélög í Reykjaneshæ**.

Í bókinni koma fram upplýsingar um starfshætti, skipulag og markmið Foreldrafélags Holtaskóla (FFH) við Sunnubraut í Reykjaneshæ og tengsl félagsins við ýmsar nefndir og ráð.

Aðgangur að handbókinni er á heimasíðu Foreldrafélags Holtaskóla, <http://www.holtaskoli.is/Foreldrafelag/> Þar er einnig hægt að koma fyrirspurnum eða athugasemdum á framfæri til stjórnar félagsins. Nánari upplýsingar um stjórn FFH og fulltrúa í Skólaráði Holtaskóla er að finna á heimasíðu FFH.

### 1.1 Markmið

Með þessu framtaki mælist FFGÍR til að öll foreldrafélög grunnskólanna í Reykjaneshæ taki þátt í samstíga skrefi félaganna í átt að enn betra starfi með það að markmiði:

1. Að bæta starf foreldrafélaga
2. Að auðvelda störf stjórnarfólks

### 1.2 Leiðir

Foreldrafélög í Reykjaneshæ setja þannig fram stefnumörkun sína í handbók sem þessari þar sem fram koma upplýsingar um starfshætti, markmið og skipulag undir formerkjunum „Betri foreldrafélög í Reykjaneshæ“.


Félögin styðjast við stefnumörkun FFGÍR, „Betri foreldrafélög í Reykjaneshæ“.

Bókin var fyrst gefin út í ársbyrjun 2003.





## 2 Markmið og skipulag



Myndræn tengsl foreldrafélaga – skólaráða -við skóla, FFGÍR og fræðsluráð

FFGÍR er samráðsvettvangur foreldrafélaga og foreldra í skólaráðum grunnskólanna í Reykjanesbæ og eiga sameiginlegan áheyrnarfulltrúa í fræðsluráði. Nánar skilgreint í kafla 3.4.

Skólaráð fjallar um og gefur umsögn til skólans, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra. Nánar skilgreint í kafla 0.

### 2.1 Almenn markmið

Markmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda skólans, styrkja skólann í hvívetna og stuðla að samvinnu heimila og skólans. Markmiði þessu hyggst félagið ná með því m.a.:

- að koma á umræðufundum um skóla- og uppeldismál í samráði við skólann og FFGÍR.
- að veita skólanum lið, svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum hvers tíma.
- að veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum.

Stjórn félagsins skal í upphafi hvers starfsárs gera áætlun um markmið og hvernig þeim skuli framfylgt.

### 2.2 Uppbygging stjórnar

Stjórn FFH skipa tíu fulltrúar foreldra sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Ekki er æskilegt að fleiri en fimm gangi úr stjórn á aðalfundi. Fráfarandi formaður skal boða til fyrsta stjórnarfundar. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum. Nánar skilgreint í kafla 3.



### 3 Verksvið og starfsreglur

FFH heldur stjórnarfundum reglulega a.m.k. einn fund í mánuði á meðan skólinn starfar og ennfremur skal funda oftár sé þess þörf. Fundirnir eru haldnir í sal Holtaskóla og sér formaður um fundarstjórn ásamt því að boða til fundarins. Ritari ritar fundargerð og sér til þess að eintak sé vistað á heimasíðu félagsins.

Aðalfund skal halda í lok hvers skólaárs og skal boða til hans samkvæmt lögum félagsins.

#### 3.1 Lög félagsins

Lög félagsins sem samþykkt voru á aðalfundi 23. maí 2006 eru:

Með breytingartillögum lögðum fyrir aðalfund félagsins 25. maí 2010

##### 1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Holtaskóla.

##### 2. gr.

Félagar eru allir foreldrar / forráðamenn núverandi nemenda skólans.

##### 3. gr.

*Markmið félagsins eru:*

- a) að koma á sem bestu sambandi milli skólans og heimila nemenda.
- b) að vinna að velferð nemenda og styrkja og efla skólann í hvívetna.
- c) að koma fram með hugmyndir eða óskir um breytingu í starfi skólans.

##### 4. gr.

*Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því að:*

- a) standa fyrir fræðslu- og upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með útgáfu fréttabréfs.
- b) veita aðstoð í starfi skólans vegna félagsstarfa og skemmtana nemenda.
- c) styðja og efla hverja þá starfsemi sem stuðlar að auknum þroska og menningu nemenda skólans.
- d) taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra.
- e) velja 2 bekkjafulltrúa (tengla) í hverri bekkjadeild sem hafa yfirumsjón með bekkjastarfi.

##### 5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm fulltrúum foreldra og jafn mörgum til vara, sem kosnir eru til tveggja ára í senn á aðalfundi.

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund ár hvert. Stjórnin getur sjálf komið á fót ráðum eða nefndum til ýmissa starfa, en stýrir og ber ábyrgð á störfum þeirra. Hún undirbýr og boðar a.m.k. einn félagsfund á vetri og afgreiðir samþykktir þeirra. Stjórn félagsins skal halda fundi eftir þörfum. Hún fylgist með starfi skólans og starfsaðstöðu nemenda. Aldrei mega fleiri en 5 ganga úr stjórn og varastjórn á aðalfundi.



#### **6. gr.**

Aðalfund skal halda í lok hvers skólaárs og telst fundurinn löglegur ef til hans er boðað með 5 daga fyrirvara.

Dagskrá fundarins skal vera:

1. skýrsla stjórnar
2. skýrsla gjaldkera
3. skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði
4. lagabreytingar
5. kosning nýrrar stjórnar sbr. 5. grein
6. kosning tveggja fulltrúa foreldra í skólaráð og jafn margra til vara sbr. Reglugerð um skólaráð nr 1157 frá 2008.
7. önnur mál

#### **7. gr.**

Félagsstjórn skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma milli einstakra foreldra eða forráðamanna barna og starfsmanna skólans.

#### **8. gr.**

Foreldrafélagið skal stuðla að góðum tengslum milli stjórnar foreldrafélagsins og fulltrúa foreldra í skólaráði Holtaskóla.

#### **9. gr.**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi Foreldrafélags Holtaskóla.

### **3.2 Skilgreining á starfi og verksviði skólaráðs**

Í reglugerð nr. 1157 um skólaráð við grunnskóla segir:

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skóla-samfélags um skólahlald.

Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndar-samfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.

Kosnir eru tveir foreldrar í skólaráð Holtaskóla á aðalfundi Foreldrafélagsins að vori til tveggja ára í senn. Æskilegt er að fulltrúar foreldra í skólaráði hætti ekki á sama tíma.

Í 4. grein reglugerðar um starfsáætlun skólaráðs segir:

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Vinnulag og starfshættir skólaráðs skulu m.a. taka mið af stærð skóla, fjölda árganga og öðrum einkennum hans.

Skólaráð skal setja sér starfsáætlun til eins skólaárs í senn, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og undirbúning. Skólastjóri boðar reglulega til funda. Skólaráð skal að lágmarki halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins.

Skólaráð starfar á starfstíma skóla en heimilt er að kalla það saman á öðrum tíma beri brýna nauðsyn til. Skylt er að kalla saman fund ef þrír eða fleiri skólaráðsmenn óska þess.

Halda skal gerðabók um skólaráðsfundi og skulu fundargerðir liggja frammi í skólanum og á vef skóla.

Skólaráð getur sett sér nánari starfsreglur.



Hafi foreldrar fyrirspurnir til skólaráðs er þeim bent á meðlimi ráðsins sem getið er um á heimasíðu foreldrafélags Holtaskóla <http://www.holtaskoli.is/foreldrafelag/skolarad>

### 3.3 Skilgreining á starfi og verksviði árgangafulltrúa

Árgangafulltrúar gegna einu mikilvægasta hlutverki í foreldrastarfi skólans. Foreldrafélagið leggur því mikla áherslu á að styðja það starf með aukinni fræðslu og ráðgjöf. Hefðbundið er að kalla þessa foreldrafulltrúa „bekkjarfulltrúa“. Við viljum leggja áherslu á að árgangar haldi hópinn, þ.e. bæði nemendur og foreldrar í árgangi kynnist og höfum því tekið upp þetta heiti.

Á skólasetningu skal finna nýja fulltrúa fyrir allar árganga, helst 2 úr hverjum bekk. Með þessum hætti er auðveldara að hefja bekkjastarfið strax af fullum krafti. Æskilegt er að árgangar geri eitthvað saman að lágmarki tvisvar á skólaári. Hugmyndir að afþreyingu má finna á vef foreldrafélagsins.

Hlutverk árgangafulltrúa er m.a. að:

**Stuðla að auknu samstarfi** foreldra, kennara og nemenda innan hvers árgangs.

**Árgangafulltrúar skipuleggja vinahópa** í samvinnu við umsjónarkennara.

**Árgangafulltrúar skipuleggja viðburði** fyrir börnin yfir veturinn. Þeir fá aðra foreldra í árgangnum til aðstoðar eins og þurfa þykir. *Árgangafulltrúar eru hins vegar hvorki skemmtanastjórar né heldur taka þeir að sér barnagæslu. Foreldrar eiga að mæta með sínum börnum á viðburði sem skipulagðir eru af árgangafulltrúum.*

**Árgangafulltrúar kalla saman foreldra** barnanna í árgangum 1-2 sinnum yfir veturinn. Æskilegt er að það sé gert sem fyrst í upphafi vetrar til að kynna skipulag vetrarins. Þetta er mjög góður vettvangur til að kynnst foreldrum, kynna vinahópa, ræða samræmingu á afmælisboðum og afmælisgjöfum, samræma tölvunotkun barnanna, útvivartíma o.s.frv.

**Árgangafulltrúar eru einnig reiðubúnir að aðstoða kennarann** við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu t.d. í tengslum við vettvangsferðir, starfskynningu og heimsóknir foreldra í bekkinn.

**Árgangafulltrúar hafa frumkvæði** að því að sem flestir foreldrar séu virkir í bekkjastarfinu. Best er að skipta verkefnum með foreldrum í upphafi skólaárs. Gott er að mynda hópa nokkurra foreldra til að vinna verkefni.

**Árgangafulltrúar allra bekkjadeilda í skólanum funda með stjórn foreldrafélagsins** einu sinni á skólaárinu og oftast ef þurfa þykir.

### 3.4 Skilgreining á þátttöku félagsins í starfi FFGÍR

FFGÍR stendur fyrir Foreldrafélög og skólaráð grunnskólanna í Reykjanesbæ. Í FFGÍR sitja stjórnarmenn foreldrafélaga og fulltrúar foreldra í skólaráðum í grunnskólum Reykjanesbæjar. FFGÍR heldur fundi mánaðarlega innan skólaársins. FFGÍR vinnur að sameiginlegum málefnum skólanna.

FFGÍR virkar einnig sem umsagnaraðili foreldra grunnskólabarna í bæjarfélaginu og þar hafa foreldrafélög og skólaráð unnið sameiginlega að stefnumiðum sínum t.d. undir verkefninu Betri foreldrafélög.

### 3.5 Samráðsfundir innan skóla – Að róa á sömu mið

Á hverju skólaári eru haldnir samráðsfundir með skólastjórnendum, foreldrafélagi og skólaráði, þar sem farið er yfir stefnumótun stjórnar FFH fyrir skólaárið og málefni líðandi stundar. Þar er vettvangur fyrir alla foreldra sem starfa innan foreldrastarfsins að hittast og miðla upplýsingum.

Þarna er einnig kjörinn vettvangur fyrir jákvæða uppbyggingu foreldrasamstarfs og til nánari úrvinnslu hugmynda. Skólastjórn eða sérfræðingar á vegum skólans s.s. skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi geta einnig á þessum vettvangi kynnt sérstök átaksverkefni séu þau á dagskrá.



## 4 Reikningar félagsins

Gjaldkeri félagsins leggur ársreikninga félagsins fram til samþykktar á aðalfundi. Gjaldkeri sér til þess að eintak af ársreikningi sé vistaður á heimasíðu foreldrafélags Holtaskóla.

## 5 Fræðsla og kynningar

### 5.1 Kynning fyrir stjórnarfólk

Nýtt stjórnarfólk fær almenna kynningu á starfsemi félagsins ásamt kynningu á notkun handbókarinnar. Kynninguna skal halda á fyrsta stjórnarfundinum nýrrar stjórnar. Fráfarandi/sitjandi formaður mun sjá um ofangreinda kynningu.

### 5.2 Kynning fyrir árgangafulltrúa

Árgangafulltrúar sem kjörnir eru fá almenna kynningu á hlutverki sínu í upphafi hvers skólaárs. Nánar tiltekið á fyrsta fundi sem foreldrafélagið boðar árgangafulltrúa á. Einnig mun félagið stefna að því að árgangafulltrúar fái reglulega námskeið frá Heimili & Skóla sem fjallar um hlutverk þeirra og tilgang, auk þess sem þeim er boðinn stuðningur af ýmsum toga af hálfu foreldrafélagsins.

### 5.3 Fræðsla og forvarnir

Félagið stendur fyrir kynningum, námskeiðum og fyrirlestrum fyrir foreldra og nemendur. Þetta er gert í samráði við skólann og FFGÍR.

## 6 Félagsstarf

Félagið styður með beinum eða óbeinum hætti félagsstarf innan skólans sé þess óskað.

## 7 Foreldrasamningar

### 7.1 Stefna foreldrafélagsins vegna foreldrasamninga

Stefna félagsins er að **Foreldrasamningur** séu kynntir og ræddir hjá öllum bekkjadeildum og að þeir séu tilbúnir fljótlega í upphafi skólaárs. Árgangafulltrúar sjá um framkvæmdina með aðstoð stjórnarmeðlima óski þeir þess. Einnig er æskilegt að leita aðstoðar umsjónarkennara. Allar upplýsingar varðandi samninginn liggja frammi á heimasíðu félagsins eða hægt að nálgast þær hjá stjórnarmeðlimum. Nánari aðstoð varðandi foreldrasamningana er einnig hægt að fá hjá fulltrúum Heimili & skóla. Að auki er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu Heimili og skóla [www.heimilioskoli.is/](http://www.heimilioskoli.is/).

**Foreldrasamningurinn** sameinar þau gildi sem foreldrar telja mikilvæg, svo sem að virða útvistartíma, verja börn með því að hafa einhvern ábyrgan til staðar ef þau fá að halda party, kaupa ekki fyrir börn og unglinga áfengi eða önnur vímuefni. Láta sig varða vitneskju um neyslu síns barns og annarra barna og koma slíkum upplýsingum á framfæri við rétta aðila. Foreldrar sem vilja verja börnin sín og styðja á leið þeirra til manns fagna því að fá frá öðrum foreldrum sem eru sama sinnis styrk í formi **Foreldrasamningsins**.

Hugmyndafræðin á bak við **Foreldrasamninginn** er sú, að útvist barna og unglinga í 6.-10. bekk grunnskóla fram yfir lögboðinn útvistartíma og umburðarlyndi samfélagsins gagnvart áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglinga sé meðal stærstu þröskulda í vímuvarnarstarfi hérlendis. Þannig



að breyting á viðhorfum foreldra og samfélagsins í heild sé lykillinn að árangri í vímuvarnarstarfi. Líkurnar á viðhorfsbreytingu og minnkuðu umburðarlyndi foreldra og annarra í samfélaginu aukast eftir því sem víðtækari samstaða næst meðal foreldra um aðhald og ákveðnar reglur sem börnum og unglingum eru settar.

**Foreldrasamningur** skapar vettvang fyrir samstöðu foreldra og stuðlar þannig að þeirri hugarfars- og viðhorfsbreytingu sem samtökin vilja sjá í íslensku þjóðfélagi á komandi árum.

## 8 Útgáfumál

### 8.1 Fréttabréf

Félagið stefnir að útgáfu fréttabréfs a.m.k. tvisvar á starfsárinu. Fyrri fréttabréfið skal gefið út í upphafi starfsárs þar sem ný stjórn er kynnt, stefnumið hennar og það sem helst verður á döfnni. Stefna skal að útgáfu seinna fréttabréfsins í lok starfsársins þar sem farið er yfir starfsárið. Fréttabréfinu skal dreift til allra foreldra/forráðamanna, kennara og starfsfólks skólans. Einnig skal birta fréttabréfið á heimasíðu foreldrafélags Holtaskóla.

### 8.2 Fundargerðir

Ritari sér um að skrifa fundargerðir. Þær skulu vera á tölvutæku formi og vistaðar á heimasíðu foreldrafélags Holtaskóla.

### 8.3 Heimasíða FFH

Síðan er vistuð á heimasíðu Holtaskóla <http://www.holtaskoli.is/Foreldrafelag/> Nota skal heimasíðu félagsins til að miðla upplýsingum til þeirra er það varðar. Fela skal einum stjórnarmeðlimi að sjá um að síðan sé reglulega uppfærð. Fylgja skal leiðbeiningum sem stjórn FFH hefur yfir að ráða.

### 8.4 Tengsl við fjölmiðla

Miðla skal upplýsingum um atburði og uppkomur á vegum félagsins til fjölmiðla sem við á. Að jafnaði skal formaður sjá um að þessum tengslum sé viðhaldið.

### 8.5 Annað

Dæmi um áhugaverð verkefni:

#### A. Talaðu við kennarann en ekki um hann!

Við leggjum mikla áherslu á að foreldrar tali jákvætt um skólann og kennarana. Ef ykkur mislíkar eitthvað, vantar upplýsingar eða eruð óánægð þá talið við kennarann eða skólastjórnendur. Börn líta upp til foreldra sinna og tileinka sér viðhorf þeirra til mála án þess að skilja alltaf hvað um er að vera. Neikvæð umræða um skólann heima gerir barninu erfitt fyrir að umgangast starfsfólk skólans.

Jákvæður skóli - jákvæðir foreldrar – jákvæð börn.

Gott og traust samband milli heimilis og skóla er nauðsynlegt og ber öllum skylda til að leggja sitt af mörkum til að svo geti orðið. Á milli nemenda, starfsfólks og foreldra þarf að myndast trúnaðarsamband.

Í aðalnámskrá segir: „Í grunnskólanum skal unnið að því í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf. Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum. Hlutur grunnskólans felst einkum í því að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra”.



---

## **B. Skólinn okkar**

Unnið er að samstilltu átaki foreldra, barna og starfsfólki skólans. Skólinn er einn af hornsteinum samfélagsins og hverfisins. Við þurfum að fylkjast á bak við skólann. Viljum við beina sjónum foreldra að leiðarljósi skólans. Holtaskóli leggur áherslu á:

- Mannúð, samvinnu og gagnkvæma virðingu.
- Að skólastarfið einkennist af tillitssemi, metnaði og skyldurækni.
- Að skólinn mæti ólíkum þörfum nemenda sinna á faglegan og ábyrgan hátt.
- Að öguð vinnubrögð kennara og nemenda skili árangursríku skólastarfi.
- Að námsmarkmið séu skýr og öllum ljóst hvaða kröfur skólinn gerir.

## **9 Viðaukar**

### **9.1 Almennar upplýsingar um grunnskóla Reykjanesbæjar**

Nánar upplýsingar um grunnskóla Reykjanesbæjar er hægt að nálgast á heimasíðu Reykjanesbæjar [www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is) beinn linkur er ([http://www.reykjanesbaer.is/default.asp?cat\\_id=743](http://www.reykjanesbaer.is/default.asp?cat_id=743) )